# Leiðbeiningar
# **Félög og félagsmenn**

## Innskráning

Til að kaupa ferðaávísun þarf félagsmaður að vera skráður inn á orlofsvefinn. Eftir innskráningu getur hann smellt á “Ferðaávísun” og fær þá upp valmöguleika að halda áfram




Þegar hann smellir á Kaupa ferðaávísun er hann fluttur inn á nýjan vef.

## Valmynd

Á nýja vefnum sér hann fyrst texta um ferðaávísun og virkni hennar. Efst í vinstra horninu er valmynd, með því að smella á hana koma nokkrir valmöguleikar

### Gisting í boði

Með því að smella hér getur félgasmaðurinn skoðað þá gististaði sem eru í samstarfi og þau verð sem þeir bjóða uppá.



Hægt er að smella á landshluta til að sjá staði sem eru á því svæði.

Þegar smellt er á hótelið koma almennar upplýsingar, skilmálar og verð.

| Vörur | Sumar | | Vetur | |
|---|---|---|---|---|
| Einstaklingsherbergi | 9.000 kr. | Kaupa | 7.500 kr. | Kaupa |
| Tveggja manna herbergi | 10.500 kr. | Kaupa | 9.500 kr. | Kaupa |
| Þriggja manna herbergi | 16.900 kr. | Kaupa | 15.500 kr. | Kaupa |

Hér getur félagsmaður valið það tilboð sem hentar og smellt á Kaupa. Hann er þá fluttur á síðu þar sem hann getur valið upphæð ávísunar.

Upphæðin fyrir þann valmöguleika sem hann valdi hér fyrir ofan er nú í glugganum lengst til hægri. Hann getur bætt við þá upphæð með því að slá inn nýja upphæð í reitinn.




Fyrir neðan þessa valmöguleika sér hann heildar upphæð ferðaávísunar.

Því næst þarf að smella Kaupa og hér kemur útreikningur á niðurgreiðslu og punktafrádrætti ef það á við.

# Samantekt

Þú getur alltaf fylgst með stöðu ávísunarinnar með því að skrá þig inn á orlofshúsavefinn. Þar er haldið utan um þessi viðskipti. Hér fyrir neðan sérðu hversu háa ferðaávísun þú ætlar að kaupa að þessu sinni. Þú getur alltaf komið aftur og bætt við.

## Útreikningar

| | |
|---|---|
| Ferðaávísun | 10.500 kr. |
| Niðurgreiðsla | -2.100 kr. |
| Punktakostnaður | 0 punktar |
| **Samtals** | **8.400 kr.** |

Tölvupóstfang

Til að halda áfram verður að fylla út tölvupóstfang

☐ Ég samþykki eftirfarandi **Skilmálar**

Til að halda áfram verður félagsmaðurinn að fylla út tölvupóstfang og samþykkja skilmála.




Hér verður félagsmaður að lesa og samþykkja skilmála hvers félags.




Eftir að skilmálar eru samþykktir þá er farið í greiðslu ferli.




Félagsmaður greiðir þá upphæð sem hann valdi.

Þegar greiðsla gengur í gegn þá sendir greiðslusíðan hann aftur til baka á vefinn og hann fær eftirfarandi skilaboð:



Ásamt þessum skilaboðum þá er einnig send kvittun í tölvupósti sem lítur svona út

Ferðaávísun Inbox ×

**Ferðaávísun** <noreply@invo.am> 16:5

to me

Ágæti félagsmaður
Þú hefur nú keypt ferðaávísun að upphæð 100 hjá FIT.
Þú getur notað ferðaávísunina þegar þú vilt, að undangenginni bókun hjá viðkomandi gististað.
Ávísunin er rafræn. Þegar þú mætir á áfangastað gefur þú upp kennitölu þína. Þú þarft engu að framvísa öðru en persónuskilríkjum.
Hægt er að fylgjast með stöðu ávísunarinnar með því að skrá sig inn á orlofsvefinn. Þar geturðu líka fengið hana endurgreidda, að hluta til eða í heild, í samræmi við það sem þú lagðir út.

Kvittun
Ferðaávísun 100 kr.
Niðurgreiðsla 20 kr.
Punktakostnaður 0 punktar

Samtals 80 kr.
Greiðsluaðferð Valitor
Greitt dags. 2020-06-18 16:55:40
Þú átt nú í heildina 73810 kr. ferðaávísun